

5. fundur fræðslunefndar vegna Flúðaskóla árið 2012, haldinn 26. september, kl. 16.30 í Flúðaskóla. 18. fundur kjörtímabilsins 2010 – 2014.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Unnsteinn Logi Eggertsson sem ritaði fundargerð, Gunnar Jóhannesson, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir aðstoðarskólastjóri, Ingvar Hjálmarsson og Lára Bergljót Jónsdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Eva Marín Hlynsdóttir, fulltrúi úr skólaráði. Alma Jenný Sigurðardóttir, fulltrúi kennara boðaði forföll. Einnig sat fundinn Jón Valgeirsson, sveitarstjóri.

Dagskrá.

- 1. Skýrsla skólastjóra.**
- 2. Fyrirkomulag skólamála í Hrunamannahreppi.**
- 3. Skólanámskrá.**
- 4. Önnur mál.**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra.

Skólahald hefur farið vel af stað, 130 nemendur eru núna í skólanum, 7 nemendur stunda fjarnám á framhaldsskólastigi og þar er einn í tveimur fögum. 36 starfsmenn eru við skólann í mismunandi stóru starfshlutfalli, þar af eru tuttugu kennarar sem eru í um 15 stöðugildum, 7 stuðningsfulltrúar í 4,25 stöðugildum, umsjónarmaður skólasels 30% starf, ræsting 2 starfsmenn í samtals 1,3 stöðu, húsvörður í 60 %, ritari í 50% og 3 starfsmenn í eldhúsi í 2,59 stöðu.

Keyptar voru fimm spjaldtölvur til reynslu það stendur til að nota þær í kennslu en fyrst þurfa kennarar að læra á þær.

Nú er verið að vinna í því að bæta þráðlaust netsamband í skóla og Félagsheimili en það er forsenda þess að hægt verði að nýta sér þessa nýjung.

10. bekkingar gerðu góða ferð til Danmerkur með Önnu og Evelyn og fjórum foreldrum, þar sem þau heimsóttu nemendur Grantofteskole. Nemendur eru að vinna að samstarfsverkefni um orku, orkuauðlindir og orkunýting með áherslu á framtíðina. Verkefnið er unnið í samstarfi við stærðfræðikennara og raungreinakennara í báðum skólum.

Í byrjun september var göngudagur með nemendum í 1. – 9. bekk. Vegna þess hve lognið fór hratt yfir var ákveðið að fresta Miðfellsgöngu og fara þess í stað upp á Högnastaðaás.

Skólakynningarfundir voru haldnir í Flúðaskóla þriðjudaginn 4. september og var mæting foreldra frekar slök að venju.

8. bekkingar fóru í einnar náttu ferð í Helgaskála með tveimur kennurum til að hrista saman hópinn.

Í tilefni af því að 100 ár eru liðin frá því austurríski heimspekingurinn Ludwig Wittgenstein reið hér um í heimsókn sinni til landsins, var hópur manna að fara sömu leið einnig ríðandi. Halldór Friðrik Þorsteinsson sem er einn þessara ferðalanga kom í heimsókn í skólann og sagði frá þessu ferðalagi ásamt því að tala við krakkana um heimspeki.

Yngsta stigið fór í sína árlegu haustferð í gær þriðjudag og að þessu sinni fóru þau í Haukadalsskóg.

Þessa viku er útikennsluvika í Flúðaskóla, þá leggja kennarar sig fram um að færa kennsluna meira út undir bert loft. Í gær þriðjudag var útikennarafundur í grenndarskóginum en það er hefð að hafa þá í tengslum við útikennsluvikur.

Að öðru leyti hefur skólahald verið með hefðbundnu sniði.

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri fóru í gær á málþing Skólastjórafélag Íslands um forvarnir og vinnslu eineltismála í grunnskólum.

2. Fyrirkomulag skólamála í Hrunamannahreppi.

Formaður og sveitarstjóri fóru yfir málið, m.a. um skýrslu Óskars Sandholt sem unnin var fyrir nokkru.

Nokkrar umræður urðu um málið.

Fræðslunefnd samþykkir að leggja til að yfirstjórn grunnskólans verði óbreytt og að Flúðaskóli og leikskólinn Undraland verði ekki sameinaðir að svo stöddu.

3. Skólanámskrá.

Formaður lagði fram til kynningar skólanámskrá fyrir Flúðaskóla.

4. Önnur mál.

a) Málþing um aðalnámskrá. Málþingið verður haldið miðvikudaginn 31. október. Samþykkt að kennarar skólans sækji þingið og því verður ekki kennsla eftir hádegið þennan dag.

b) Fundartími. Formaður lagði til að fundir fræðslunefndar vegna Flúðaskóla verði haldnir að jafnaði síðasta miðvikudag í hverjum mánuði kl. 16.00. Samþykkt.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 17.15